



Stefna um bestu framkvæmd

1. ALMENNT

1.1 Lagagrundvöllur

Reglur þessar eru settar á grundvelli 18. gr. og 19. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, samanber einnig 6. gr. sömu laga.

1.2 Markmið

Markmið reglna þessara er að tryggja að viðskiptavinur hljóti bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla eins og hugtakið er skýrt í 3. gr. reglnanna.

Í reglum þessum er því lýst á hvaða mörkuðum Virðing framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina sinna þegar viðskiptavinir óska ekki eftir sérstakri framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

Í reglunum eru jafnframt settar fram þær forsendur sem starfsmenn Virðingar byggja á við framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

1.3 Leiðir að markmiðinu

Starfsmönnum Virðingar ber að fylgja reglum þessum til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

2. GILDISSVIÐ

2.1 Almenn

Reglur þessar gilda um framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir viðskiptavini Virðingar.

Reglum þessum er ætlað að uppfylla þær skyldur og kröfur sem hvíla á Virðingu samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Reglur þessar skulu ekki túlkaðar á þann hátt að í þeim felist loforð eða skuldbinding umfram það sem krafist er samkvæmt lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

2.2 Fagfjárfestar og almennir fjárfestar

Reglur þessar eiga ekki við um víðskipti við viðurkennda gagnaðila eins og það hugtak er skilgreint í 10. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti og njóta þeir því ekki þeirrar verndar sem í reglunum felst.

2.3 Framkvæmd viðskiptafyrirmæla - skilgreining

Með framkvæmd viðskiptafyrirmæla er átt við þær aðstæður þegar viðskiptavinur treystir á Virðingu til þess að gæta hagsmuna sinna með tilliti til verðs, hraða og annarra þátta við framkvæmd viðskipta fyrir hönd viðskiptavinar. Þetta nær til þess þegar Virðing:

- Framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavinar;
- Móttekur og miðlar fyrirmælum frá viðskiptavini.
- Á víðskipti við aðra aðila með fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina þegar Virðing sinnir eignastýringu fyrir viðskiptavini.

Það telst ekki til framkvæmdar víðskiptafyrirmæla þegar Virðing birtir „tilboðsverð“ eða óskar eftir „tilboðsverði“ fyrir víðskiptavin og víðskiptavinur á víðskipti á grundvelli slíks verðs. Slík þjónusta er þar af leiðandi undanskilin kröfum um bestu framkvæmd.

Þá telst það ekki til framkvæmdar víðskiptafyrirmæla þegar víðskiptavinur og Virðing eiga víðskipti, þar sem víðskiptavinur er gagnaðili Virðingar í víðskiptunum og þau komast á með samningaviðræðum aðila um víðskiptin og Virðing á víðskiptin fyrir eigin reikning.

2.4 Viðskipti með fjármálagerninga

Reglum þessum er ætlað að ná yfir framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir allar tegundir fjármálagerninga eins og það hugtak er skilgreint í 2. tl. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

Sú stefna sem mörkuð er í reglunum verður að skoðast í því ljósi að henni er ætlað að ná til bæði almennra fjárfesta og fagfjárfesta, allra tegunda fjármálagerninga, mismunandi markaða og mismunandi fyrirmæla. Í reglunum er því ekki tæmandi talning á öllum þeim þáttum sem litið er til við framkvæmd viðskiptafyrirmæla og hvernig þau eru metin í hverju tilviki fyrir sig, heldur er með reglunum mörkuð ákveðin stefna og lagðar ákveðnar línur svo viðskiptavinir Virðingar átti sig í heild á því hvernig fyrirmæli þeirra eru framkvæmd og besta framkvæmd tryggð.

3. BESTA FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

3.1 Almenn

Með bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla í reglum þessum er átt við þá skyldu sem hvílir á Virðingu til þess að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína sbr. 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

3.2 Þættir sem litið er til og vægi þeirra

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla mun Virðing leita allra eðlilegra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína. Það verður gert með því að hafa til staðar og framfylgja stefnu þessari og ferlum sem eru hannaðir til að ná bestu mögulegu niðurstöðu með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á því að af viðskiptunum verði, umfangs og eðlis viðskipta og annarra þátta sem máli skipta (e. execution factors). Þetta á þó ekki við þegar viðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Í slíkum tilvikum verða fyrirmælin framkvæmd án tillits til þeirra þátta sem hér er lýst varðandi þá þætti sem viðskiptavinur gefur sérstök fyrirmæli um. Einnig verður litið til annarra þátta sem máli kunna að skipta svo sem reynslu og þekkingar viðskiptavinar og fyrri sögu hans.

Verð í viðskiptum hefur að öllu jöfnu mest vægi við að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu. Í sumum tilvikum er mögulegt að aðstæður verði metnar svo að aðrir þættir en verð séu mikilvægari við að tryggja bestu niðurstöðu. Við mat á því hvaða áhrif aðrir þættir en verð hafa er litið til flokks viðkomandi viðskiptavinar, tegund fjármálagernings, eðlis fyrirmælanna og eðlis þeirra markaða þar sem framkvæma má viðskiptafyrirmælin. Slík tilvik kunna að koma upp við sérstakar aðstæður, fyrir suma viðskiptavini, einstök fyrirmæli, fjármálagerninga eða markaði.

3.3 Þættir sem litið er til og vægi þeirra – almennir fjárfestar

Þegar viðskiptavinur Virðingar er almennur fjárfestir hefur heildarkostnaður viðskiptavinar mikið vægi, þar með talið það verð sem fæst í viðskiptunum, sá viðskiptakostnaður sem af hlýst, bæði þóknun og uppgjörskostnaður.

3.4 Framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Hafi viðskiptavinur ekki beint til Virðingar ákveðnum fyrirmælum um framkvæmd viðskipta verða viðskiptafyrirmæli framkvæmd með eftirfarandi hætti eða samtíð á eftirfarandi þáttum:

- með viðskiptum við Virðingu sem gagnaðila, telji Virðing slík viðskipti veita viðskiptavini að minnsta kosti jafn góða niðurstöðu og ef notuð er einhver af þeim leiðum sem taldar eru að neðan;
- með því að senda fyrirmælin þegar í stað til viðkomandi verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga;
- með því að framkvæma fyrirmælin með nokkrum mismunandi viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga;
- með því að nýta fyrirmæli eins viðskiptavinar til að mæta fyrirmælum annars á verði sem svarar til markaðsverðs;

- utan markaða með viðskiptum við þriðja aðila;
- þegar Virðing er ekki aðili að viðkomandi markaði með viðskiptum við þriðja aðila sem Virðing hefur gert samning við um að framkvæma viðskiptafyrirmæli fyrir sína hönd á þeim markaði.

3.5 Besta niðurstaða miðað við aðstæður

Þrátt fyrir að leitað verði allra eðlilegra leiða til þess að ná sem bestri niðurstöðu fyrir viðskiptavinum miðað við þau úrræði sem til staðar eru og þær aðstæður sem starfað er við, þá er ekki hægt að tryggja að í hverju tilviki verði um að ræða bestu niðurstöðu. Fari starfsmenn Virðingar eftir reglum þessum í einu og öllu verður almennt talið að Virðing hafi fullnægt skyldu sinni um að tryggja viðskiptavinum sínum bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla í samræmi við 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

3.6 Viðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd

Þegar viðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd viðskiptafyrirmæla munu viðskiptin vera framkvæmd í samræmi við slík fyrirmæli.

Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir því að þegar hann mælir fyrir um ákveðna framkvæmd getur Virðing ekki og mun ekki gæta að öllum þeim þáttum sem taldir eru í verklagsreglum þessum til að ná bestu mögulegu niðurstöðu.

4. MEGINREGLUR UM FRAMKVÆMD

Fyrirmælum viðskiptavina skal framfylgt á sanngjarnan máta og eins skjótt og mögulegt er. Fyrirmæli viðskiptavina eru að öllu jöfnu framkvæmd án tafar og í þeirri röð sem þau berast, nema aðstæður séu því til fyrirstöðu eða ef talið er að hagstæðara sé fyrir viðskiptavin að fyrirmæli séu framkvæmd á annan hátt.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um verðbréfavíðskipti ber Virðingu að stuðla að því þegar um er að ræða skilyrta pöntun sem ekki er framkvæmd jafnskjótt og hún berst, að birta hana samstundis á aðgengilegan hátt nema viðskiptavinur mæli fyrir um annað. Með undirritun sinni á samþykki það sem fylgir verklagsreglum þessum telst viðskiptavinur hafa samþykkt að Virðing meti hvort og hvenær birta eigi slíkar pantanir.

5. MARKAÐIR

5.1 Framkvæmd viðskiptafyrirmæla á markaði¹

Listi yfir markaði þar sem Virðing framkvæmir almennt viðskiptafyrirmæli miðað við einstakar tegundir fjármálagerna á slóðinni: www.virding.is. Virðing telur að með því að framkvæma viðskiptafyrirmæli á þessum mörkuðum náist almennt besta mögulega niðurstaða fyrir viðskiptavinum. Listinn er ekki tæmandi og Virðing áskilur sér rétt til að nota aðra markaði þar sem slíkt yrði í samræmi við reglur þessar.

Við val á mörkuðum fer fram skynsamlegt og eðlilegt mat á því hvað hentar viðskiptavinum best við framkvæmd viðkomandi viðskiptafyrirmæla. Þá er einnig litið til annarra þátta sem kunna eiga við, svo sem áreiðanleika markaðarins, möguleika hans á að afgreiða flókna fjármálagerna, gæða og annarra atriða.

Virðing mun reglulega endurskoða meðfylgjandi lista og setja fram nýjan lista á vefsíðunni sem að ofan er greind. Virðing mun ekki senda út sérstaka tilkynningu til viðskiptavina verði breyting á listanum.

Það er meginregla að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina á skipulögðum verðbréfamörkuðum. Virðing velur þessa leið að meginreglu þar sem á markaði er verðlagning verðbréfa gagnsæ, hraðinn við afgreiðslu viðskipta mikill, auðvelt að átta sig á kostnaði við að afla viðskiptanna, og líkurnar á því að samningar náist meiri en utan markaða.

¹ Með markaði átt við skipulega verðbréfamarkaði, markaðstorg fjármálagerna og viðskiptavaka EES svæðisins og sambærilega aðila utan EES-svæðisins.

Þegar aðeins einn markaður kemur til greina við framkvæmd viðskiptafyrirmæla er litið svo á að Virðing hafi uppfyllt skyldur sínar samkvæmt reglum þessum og lögum með framkvæmd á slíkum markaði.

5.2 Framkvæmd viðskiptafyrirmæla utan markaða

Þrátt fyrir þá meginreglu sem sett er fram í grein 5.1 kann Virðing að meta aðstæður svo að betri niðurstaða fáiist við framkvæmd viðskiptafyrirmæla utan markaða.

Slíkar aðstæður eiga fyrst og fremst við þegar um er að ræða stór viðskipti. Með stórum viðskiptum er átt við viðskipti sem eru stærri en almennt gengur og gerist með viðskipti með viðkomandi verðbréf. Starfsmenn Virðingar skulu meta það heildstætt hvort hagfelldara sé að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan markaða en á markaði.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga um verðbréfiðskipti hvílir sú skylda á Virðingu að upplýsa viðskiptavinum sérstaklega og afla samþykkis þeirra fyrir því að eiga viðskipti utan markaða með fjármálagerninga sem skráðir eru á markaði.

5.3 Framkvæmd viðskiptafyrirmæla á öðrum mörkuðum

Fái Virðing viðskiptafyrirmæli um fjármálagerninga sem viðskipti eiga sér stað með á skipulögðum verðbréfamarkaði sem Virðing er ekki aðili að (þ.m.t. markaði utan EES) mun Virðing framkvæma slík fyrirmæli með því að miðla þeim, á grundvelli samnings þar að lútandi, til milliliða sem eru aðilar að eða hafa aðgang að viðkomandi markaði. Val á slíkum milliliðum fer fram með stöðugu mati á getu þeirra til að framkvæma fyrirmælin vel og á grundvelli gæða og kostnaðar þeirra þjónustu sem þeir veita.

6. TRUFLUN Á MARKAÐI

Verði truflun á markaði getur verið ómögulegt eða óviðeigandi að framkvæma viðskiptafyrirmæli í samræmi við þá verkferla sem lýst er í reglum þessum. Virðing mun í slíkum tilvikum, eftir bestu getu, leita allra eðlilegra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína.

7. SAMSÖFNUN PANTANA

Virðingu er heimilt, án þess að skylt sé, að safna saman pöntunum mismunandi viðskiptavina og/eða pöntunum fyrir eigin reikning og heimila því fjármálafyrirtæki sem Virðing kann að miðla fyrirmælum til að safna saman pöntunum frá Virðingu við pantanir annarra viðskiptavina og/eða viðkomandi fjármálafyrirtækis. Virðing mun úthluta viðskiptavinum úr slíkum samsöfnunum á eðlilegan og sanngjarnan máta.

Ef samsöfnuð pöntun er ekki öll framkvæmd á sama verði, þá má Virðing reikna út það meðalverð sem fékkst í viðskiptunum við úthlutun til viðskiptavina. Að beiðni viðskiptavinar mun Virðing láta í té viðeigandi upplýsingar um útreikning á meðalverði.

Viðskiptavinum er bent á að samsöfnun pantana getur leitt til óhagstæðrar niðurstöðu fyrir viðskiptavinum í einstökum tilvikum.

8. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD VERKLAGSREGLNANNA

Virðing tryggir að reglulegt eftirlit sé fyrir hendi með framkvæmd reglnanna og þess gætt að starfsmenn fylgi reglunum í einu og öllu.

Viðskiptavinir eiga þess kost að beina athugasemdum á tölvupóstfangið: virding@virding.is eða í síma: 520 9800 telji þeir að starfsmaður hafi brotið gegn reglum þessum eða hafi þeir aðrar athugasemdir við framkvæmd reglna þessara.

9. ENDURSKOÐUN REGLNANNA

Reglur þessar skulu sæta reglulegri endurskoðun. Virðing skal greina hvort reglurnar séu nægilega skilvirkar í framkvæmd og skal Virðing breyta reglum þessum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla ef þær reynast ekki nægilega skilvirkar í framkvæmd.

Á Virðingu hvílir jafnframt sú skylda að aðlaga reglur þessar að öllum þeim lagabreytingum, reglugerðarbreytingum og reglusetningu fjármálaeftirlitsins sem snerta bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

Virðingu er skylt að meta það reglulega hvort þeir markaðir sem reglurnar gera ráð fyrir að verði nýttir til að framkvæma fyrirmæli leiði til bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavini.

10. UPPLÝSINGASKYLDA

Virðing skal að beiðni viðskiptavinar geta sýnt fram á að fyrirmæli hans hafi verið framkvæmd í samræmi við verklagsreglur fyrirtækisins um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Til þess að geta fullnægt þeirri skyldu sinni mun Virðing skrá niður og/eða geyma á tölvutæku formi allar upplýsingar um viðskiptavini og viðskipti viðskiptavina hjá Virðingu.

Komi til efnislegra breytinga á reglum þessum mun Virðing upplýsa viðskiptavini sína um það. Með því að birta nýjar reglur á heimasíðu sinni telst Virðing hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína samkvæmt þessari grein.

Reglur þessar eru aðgengilegar á heimasíðu Virðingar: www.virding.is

Þannig samþykkt af stjórn félagsins.